

SAMKEPPNISRÉTTARSTEFNA

REIKNISTOFU BANKANNA HF.

Samþykkt á stjórnarfundum félagsins þann 20. október 2025 og undirrituð með rafrænum hætti.

1 STEFNA REIKNISTOFU BANKANNA Í SAMKEPPNISMÁLUM

- 1.1 Það er stefna Reiknistofu bankanna hf. (hér eftir „**RB**“) að starfsemi félagsins stuðli að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni í rekstri fjármálainnviða sem leiði til hagkvæmara umhverfis fjármálastofnana og efli samkeppnishæfni þeirra. Með hagkvæmri nýtingu framleiðslupátta á þeim mörkuðum sem félagið og eigendur þess starfa á er stuðlað að virkri samkeppni, neytendum til hagsbóta.
- 1.2 Það er einnig stefna RB að starfsmenn og stjórn félagsins fari í öllu að ákvæðum samkeppnislaga nr. 44/2005, einkum 10., 11. og 12. gr. þeirra. Mikilvægt er að í starfsemi félagsins sé hugað að samkeppnissjónarmiðum og varfærni gætt í hvívetna.
- 1.3 Samkeppnisréttarstefna þessi skal vera birt bæði á heimasíðu RB og á innri vef starfsmanna.
- 1.4 Brot gegn samkeppnislögum, hvort sem er af ásetningi eða stórfelldu gáleysi starfsmanns eða stjórnarmanns, getur leitt til viðurlaga í starfi og lagalegrar ábyrgðar hans auk félagsins sjálfs. Samkeppnislagabrot eru til þess fallin að valda RB og eigendum þess álitshnekki, auk þess sem stjórnvaldssektir í slíkum málum geta verið háar.

2 TILGANGUR OG MARKMIÐ

- 2.1 Markmið samkeppnisréttarstefnunnar er að draga úr samkeppnisréttarlegri áhættu í starfsemi félagsins, eins og kostur er. Slík áhætta getur tengst bæði almennri starfsemi RB og einstaka ákvörðunum, sem og samskiptum milli eigenda félagsins á vettvangi stjórnar og í starfshópum. RB hefur metið þá áhættu sem lýst er hér að framan og skjalfest niðurstöðurnar í sjálfsmati félagsins, sem verður uppfært og endurskoðað eftir því sem tilefni er til.
- 2.2 RB skal tryggja að stjórn og starfsmenn hafi aðgang að reglubundinni fræðslu til að bera kennsl á áhættuþætti í störfum sínum og bregðast við með réttum hætti ef upp vaknar grunur um brot gegn samkeppnislögum. Samvinna og upplýsingaskipti á milli fulltrúa eigenda RB getur falið í sér áhættu samkvæmt samkeppnislögum og skal slíkum samskiptum á vettvangi RB hagað í samræmi við umgjörð félagsins. Ef vafi leikur á lögmæti samvinnu eða upplýsingaskipta skal leitað eftir ráðgjöf sérfræðinga.
- 2.3 RB skal móta og viðhalda skýrri umgjörð í samræmi við samkeppnisréttarstefnuna. Í því skyni skal setja reglur um vernd trúnaðarupplýsinga og upplýsingaskipti, starfsreglur framþróunarhópa og samkeppnisréttarreglur. Þessar reglur byggja á stefnunni og mynda ásamt sjálfsmati RB, tengdum verklagsreglum, og öðru því sem leiðir af stefnu þessari, umgjörð félagsins til að draga úr samkeppnisréttarlegri áhættu.

3 STARFSEMI RB OG HELSTU ÁHÆTTUÞÆTTIR

3.1 RB skal í starfsemi sinni stuðla að því að fjármálainnviðir, þ.m.t. upplýsingatæknikerfi og önnur kerfi stoðþjónustu fyrir fjármálafyrirtæki, séu reknir á hagkvæman, öruggan og tæknilega þróaðan hátt vegna samstarfsins. Neytendur skulu njóta sanngjarnrar hlutdeildar í þeim ávinningi sem af samstarfinu hlýst. Samstarfið skal ekki leiða til óþarfa hafta á eigendur RB og þess skal gætt að þeir starfi sem sjálfstæðir aðilar, þrátt fyrir samstarfið. Þeir sem koma að samstarfi á vettvangi RB skulu fylgja skýrri umgjörð sem tekur mið af þeim samkeppnislegu áhættuþáttum sem fylgja samrekstrinum. Með því móti er unnt að draga úr hættu á röskun samkeppni umfram nauðsyn og tryggja að eigendur RB keppi á eigin forsendum í starfsemi sinni.

3.2 Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

- (a) **Sjálfstæði RB og eigenda þess:** Starfsemi RB felur í sér samstarf á milli keppinauta, en slíkt samstarf skal ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná markmiðum um öryggi, skilvirkni og hagkvæmni.

RB skal starfa eins sjálfstætt frá eigendum sínum og unnt er, innan þeirra marka sem innra skipulag félagsins skapar. Jafnframt skal gætt að því að sjálfstæði eigenda RB, sem keppinauta, sé ekki raskað.

Fulltrúum eigenda RB, sem koma að samstarfinu á vettvangi RB, er óheimilt að skiptast á viðkvæmum upplýsingum um eigendur RB. Upplýsingaskipti fulltrúa eigenda RB skulu ekki lúta að stefnumótandi upplýsingum varðandi hvern og einn eiganda RB, svo sem varðandi verðlagningu á vöru og þjónustu, tekjur, veltu, rekstrarkostnað, markaðssetningu, tækifæri á markaði, viðskiptavinum, birgja, hvers kyns magntölur, áhættuliði í starfsemi, framtíðaráform, fjárfestingar, fyrirhuguð viðskipti, rannsóknir eða þróunarstarf.

Eigendur RB skulu njóta sjálfstæðis í ákvarðanatöku um áframhaldandi samstarf og vera frjálst að taka ekki þátt í einhverjum hlutum þess, svo sem varðandi kaup á einstaka þjónustuþáttum. Hver eigandi ber sjálfstæða ábyrgð á reglulegu sjálfsmati skv. 15. gr. samkeppnislaga.

- (b) **Aðgangur að kerfum og þjónustu RB:** RB skal setja aðgangsreglur og almenna verðskrá um tengingu við kerfi félagsins og þjónustu. Slíkar reglur og verðskrá skulu vera aðgengilegar á heimasíðu RB. Sérstaklega skal þess gætt að aðgangsreglur og verð fyrir tengingu við kerfi og þjónustu skapi ekki aðgangshindranir fyrir nýja aðila með ómálefnalegum hætti.

- (c) **Útilokandi áhrif gagnvart keppinautum RB:** RB skal gæta þess að verðlagning, skilmálar og önnur háttsemi félagsins hafi ekki útilokandi áhrif á keppinauta RB á markaði. Við ákvörðun um verðlagningu fyrir upplýsingatækniþjónustu RB skal höfð hliðsjón af 11. gr. samkeppnislaga og mikilvægi þess að RB starfi með sem sjálfstæðustum hætti á markaði. RB skal gæta þess að samstarf fulltrúa eigenda RB um hönnun, þróun og viðhald tölvu- og upplýsingakerfa takmarki ekki samkeppnismöguleika annarra aðila á upplýsingatæknimarkaði á ómálefnalegum grundvelli.

Verðlagning fyrir aðgang að kerfum og þjónustu RB skal ekki vera undir kostnaði félagsins við að veita slíkan aðgang eða þjónustu. RB skal gæta þess að viðskiptavinum sé ekki mismunað hvað varðar skilmála eða verð, og að einstakir viðskiptavinir eða hópar viðskiptavina njóti ekki sértækra kjara nema á málefnalegum forsendum. Tenging við kerfi RB og aðrar þjónustur skulu ekki samtvinnaðar og seldar saman í pakka nema að undangengnu samkeppnismati. Einkakaupaákvæði, um að tiltekin þjónusta sé einungis eða mestmegnis keypt af RB í tiltekinn tíma, og tryggðarafslættir skulu háðir samkeppnislegu mati áður en samningar eru gerðir.

- (d) **Tímalengd samninga við hluthafa RB:** RB skal setja verklagsreglur sem kveða á um að samningar við hluthafa og aðra viðskiptavini um kaup á upplýsingatækniþjónustu séu tímabundnir og gagnsæir. Í slíkum verklagsreglum skal m.a. fjalla um hæfilegan samningstíma, skýra heimild til framlengingar og uppsagnarfrest, með hliðsjón af eðli þjónustunnar og jafnræði aðila. Verklagsreglur, skv. framangreindu, skulu taka mið af samkeppnisréttarlegum sjónarmiðum eftir því sem við á. Slíkar verklagsreglur mega kveða á um undantekningar frá almennum samningstíma, að undangengnu ítarlegu mati á aðstæðum, t.d. fyrir slíkar aðstæður þegar RB tekur í notkun nýtt kerfi og hefur þurft að leggja út fyrir háum upphafskostnaði.

4 ÁBYRGÐARAÐILI OG UMSJÓNARAÐILI

4.1 Ábyrgðaraðili samkeppnisréttarstefnunnar er forstjóri RB.

4.2 Umsjónaraðili samkeppnisréttarstefnunnar er lögfræðingur RB.

4.3 Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á umgjörð og framkvæmd samkeppnisréttarstefnunnar. Í því felst að hann hafi eftirlit með og beri ábyrgð á þeim reglum, ferlum, fræðsluefni, eftirfylgni og öðru sem styður við innleiðingu og framkvæmd stefnunnar. Helstu verkefni ábyrgðaraðila eru eftirfarandi:

- (a) Að tryggja að umgjörð stefnu þessarar, þ.e. sjálfsmat, reglur, verklagsreglur og annað sem leiðir af stefnu þessari, sé til staðar, henni sé haldið við og að unnið sé í samræmi við hana.
- (b) Að tryggja að samkeppnisréttarstefna þessi sé aðgengileg á innra neti RB, auk upplýsinga og fræðsluefnis um samkeppnismál.
- (c) Að tryggja aðgang starfsmanna að samkeppnisréttarreglum RB, reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga á vettvangi RB, starfsreglum frampróunarhópa, sjálfsmati RB og öðru efni sem kann að hafa þýðingu í þessu sambandi.

4.4 Umsjónaraðili veitir stjórn, stjórnendum og starfsfólki ráðgjöf um álitaefni sem komið geta upp, ef vafi leikur á því hvort háttsemi eða ákvarðanir séu í samræmi við þessa stefnu og/eða samkeppnislög. Helstu verkefni umsjónaraðila eru eftirfarandi:

- (a) Að fræða starfsmenn RB um samkeppnisrétt, þ.e. helstu reglur sem eiga við um starfsemi RB og störf þeirra, skyldur og ábyrgð á grundvelli laganna, þ.á m. hvaða viðurlög liggja við brotum á ákvæðum laganna. Umsjónaraðili skal leiðbeina þeim um álitamál sem tengjast starfssviðum þeirra.

- (b) Að halda utan um uppfærðar upplýsingar um sjálfsmat RB og skyldur sem hvíla á stjórn og starfsmönnum RB vegna þess. Umsjónaraðili skal einnig halda utan um uppfærðar upplýsingar um ákvarðanir og skýrslur Samkeppniseftirlitsins um þá markaði sem tengjast starfsemi RB.
- (c) Að taka við ábendingum frá stjórnarmönnum og starfsmönnum RB um háttsemi eða verklag sem kann að fara gegn samkeppnislögum og áætlun þessari. Heimilt er að koma ábendingum á framfæri undir nafnleynd.

5 FERLI VIÐ TILKYNNINGU SAMKEPPNISLAGABROTA

- 5.1 Verði stjórnarmaður eða starfsmaður RB var við að háttsemi eða verklag kunni að brjóta gegn samkeppnislögum eða stefnu þessari skal hann upplýsa umsjónaraðila um það samstundis, hvort sem er með munnlegum eða skriflegum hætti.
- 5.2 Umsjónaraðili skal taka ábendingu strax til meðferðar og hefja nauðsynlega athugun á því hvort ábending um brot eigi við rök að styðjast. Umsjónaraðili skal hafa aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem nauðsynleg teljast í þessu sambandi. Stjórn og starfsmenn RB skulu aðstoða umsjónaraðila varðandi samkeppnisréttarleg málefni.
- 5.3 Að lokinni athugun umsjónaraðila skal hann tilkynna forstjóra um niðurstöður sínar og skal fjallað um þær á vettvangi stjórnar sem tekur ákvörðun um viðeigandi viðbrögð.

6 ENDURSKOÐUN

Stjórn RB skal endurskoða samkeppnisréttarstefnu þessa árlega.

Stjórn Reiknistofu bankanna hf.